

# Skattaleg áhrif við inngöngu í Evrópusambandið

Guðbjörg Þorsteinsdóttir og Hjördís B. Gunnarsdóttir



# Skattaleg áhrif við inngöngu í Evrópusambandið

- Hvað ef Ísland gerist aðildarríki að Evrópusambandinu?
- Hver eru skattalegu áhrifin?

# Beinir skattar

- Evrópusambandið hefur sett tilskipanir er varða samræmingu beinna skatta milli aðildarríkja.
- Tilgangurinn að draga úr skattlagningu milliríkjavíðskipta og efla samstarf milli landamæra.

# Tilskipanir

- Ákvæði skattatilskipana ESB þyrfti að taka upp í íslensk lög sbr.249. gr. Rómarsáttmálans:
  - Tilskipun(e. *directives*) skal vera bindandi fyrir aðildarríki að því er varðar markmið hennar en stjórnvöldum í hverju ríki er látið eftir að ákveða í hvaða formi og með hvaða aðferð tilganginum skuli náð:
    - „A directive shall be binding, as to the result to be achieved, upon each Member State to which it is addressed, but shall leave to the national authorities the choice of form and methods.“

# Móður – dótturfélags tilskipunin

*Parents – Subsidiary Directive 90/435/EEC*

- Samstæðum gert auðveldara að starfa innan ESB.
- Kemur í veg fyrir tvísköttun þegar hagnaður færast á milli móður – og dótturfélaga sem heimilisföst eru í mismunandi aðildarríkjum Evrópusambandsins.
- Tilskipunin gildir aðeins um aðstæður milli landamæra, ekki innan sama aðildarríkis.

# Samrunatilskipunin

*Merger Directive 90/434/EEC*

- Samrunar, skiptingar, yfirfærsla eigna eða skipti á hlutabréfum eru samkvæmt hinu sameiginlega kerfi skattfrjálsar aðgerðir.
- Í formála samrunatilskipunarinnar segir:
  - *„... Whereas it is not possible to attain this objective by an extension at the Community level of the systems presently in force in the Member States, since differences between these systems tend to produce distortions; whereas only a common tax system is able to provide a satisfactory solution in this respect ...“*

# Vaxta – og þóknana tilskipunin

*Interest and Royalty Directive 2003/49/EC*

- Tilskipunin afnemur afdráttarskattlagningu á vaxtagreiðslur og þóknanir yfir landamæri á milli fyrirtækja í aðildarríkjum ESB.
- Breytir engu hvað varðar skattlagningu á vaxtagreiðslur hér á landi.
- Breyting hvað varðar þóknanir sem myndu ekki lengur sæta afdráttarskattlagningu.

# Sparnaðartilskipunin

*Savings Directive 2003/48/EC*

- Tekur til vaxtatekna af sparifé sem ríkisborgarar aðildarríkja ESB hljóta af sparifé í öðru aðildarríki en þeir eru búsettir í.
- Aðildarríki Evrópusambandsins hafa sín á milli sameiginlegt kerfi um skipti á upplýsingum.



# Tilskipunin um gagnkvæma aðstoð

*Mutual Assistance Directive 77/799/EEC*

- Skipti á upplýsingum milli skattyfirvalda aðildarríkja Evrópusambandsins.
- *Convention on Mutual Administrative Assistance in Tax Matters.*
  - Evrópusamningur um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sbr. lög nr. 74/1996.



## Tilskipanir ESB á sviði beinna skatta

- **Kostir**
  - Ákveðið skattahagræði fyrir bæði íslenska og erlenda fjárfesta hér á landi, sem og í öðrum aðildarríkjum
  - Íslenskum skattyfirvöldum gert auðveldara í skattlagningu yfir landamæri
- **Gallar**
  - Ákveðið framsal á skattlagningarvaldinu og sjálfsákvörðunarrétt íslenska ríkisins í skattamálum

### **Breytingar**

- Móðurdótturfélög, með lágmark 10% eignarhald, sæta ekki afdráttarskattlagningu á arðgreiðslur yfir landmæri
- Samrunar, skiptingar verða skattfrjálsar yfir landamæri innan ESB og skattaleg réttindi geta færst á milli félaga
- Þóknanir myndu ekki lengur sæta afdráttarskattlagningu
- Skipti á upplýsingum milli skattyfirvalda

# Óbeinir skattar, skilgreining

- Eru lagðir á við framleiðslu og neyslu á vöru og þjónustu.
- Skattskyldir aðilar bera ekki óbeina skatta, þeir fá endurgreiðslu eða varpa út í vöruverð.
- Endanlegir neytendur bera óbeina skatta.
- Dæmi: Virðisaukaskattur og vörugjöld.

# Óbeinir skattar í ESB

- Hafa áhrif á frjálst flæði vöru og þjónustu.
- Í 93. gr. Rómarsáttmálans segir að samræma skal veltuskatta (turnover taxes), vörugjöld og aðra óbeina skatta.
- Markmið skattastefnu ESB á sviði óbeinna skatta: Tryggja að samkeppni raskist ekki vegna óbeinna skatta, samræming nauðsynleg til að tryggja fullkominn innri markað.

# Tilskipanir um óbeina skatta

- Óbeinir skattar á fjármögnun (Indirect Taxes on Raising Capital - Tilskipun 2008/7/EC)
  - Ekki má leggja óbeina skatta á fjármögnun fyrirtækja og ráðstafanir henni tengd.
- Skattlagning þungaflutningabifreiða (Taxation of Heavy Goods Vehicles – Tilskipun 1999/62/EC og 2006/38/EC)
  - Fjallar um bifreiðaskatta, vegagjöld o.fl.

# Tilskipanir um óbeina skatta

- Skattlagning fólksbifreiða
  - Unnið að tilskipun um skattlagningu aðildarríkja á fólksbifreiðum.
- Vörugjöld (Excise Duty - Tilskipun nr. 92/12/EEC o.fl.)
  - Sameiginlegt vörugjaldskerfi tekið upp árið 1993.
  - Samræmt skattkerfi vörugjalds og hlutfall vörugjalds.
  - Vörugjöld lögð á þrjá vöruflokka: Tóbak, áfengi og efni til orkuframleiðslu (olíu, kol, gas og rafmagn).

# Tilskipunin um virðisaukaskatt

- Virðisaukaskattur (Common System of Value-Added Tax – Tilskipun nr. 2006/112/EC, endurútgáfa 6. tilskipunarinnar).
- Tilskipunin samræmir grundvallaratriði um virðisaukaskatt í ESB, m.a. skattskyldusvið virðisaukaskatts, skattskylda aðila, tímapunkt skattskyldu, innskatt, skatthlutfall (lágmark) og hvaða vöru má skattleggja í lægra þrepi.
- Margt í tilskipuninni kunnuglegt og sambærilegt við íslenska virðisaukaskattslöggjöf.

## Virðisaukaskattur í ESB

- Seljandi í ESB þarf að greina:
  - hvað hann selur (vöru eða þjónustu), hverjum (skráðum aðila eða endanlegum neytenda) og hvar (innan eða utan ESB).
- Litlar breytingar fyrir rekstraraðila aðallega á innanlands markaði eða í viðskiptum utan ESB.
- Virðisaukaskattskerfið ESB í dag er millistig á leið til fullkominnar samræmingar vsk í sambandinu.
- Stefnt er að upprunaskattlagningu vsk, þ.e. skattlagning þar sem hið selda á uppruna sinn.



# Sala til endanlegra neytenda

## - Meginreglur -

- Sala vöru → Virðisaukaskatt skv. reglum í heimaríki seljanda.
- Sala þjónustu → Virðisaukaskattur samkvæmt reglum í heimaríki seljanda. (Undantekningar t.d. fasteignasala, byggingarþjónusta, flutningaþjónusta, sala þjónustu sem tengist t.d. kennslu og íþróttastarfsemi, þjónusta sérfræðinga - ráðgjafa, verkfræðinga, lögfræðinga og endurskoðenda → Skattleggjast samkvæmt lögum í ríkinu þar sem þjónustan er veitt/neytt.)

# Viðskipti með vöru milli skráðra aðila í ESB – Meginreglur

- Viðskipti innan sambandsins („Intra-community transactions“).
- Sala vöru frá einu aðildarríki til annars er án virðisaukaskatts ef:
  - kaupandi er skráður aðili, vsk.númer kaupanda er getið á reikningi, varan er sannanlega flutt úr ríkinu seljanda.
- Kaupandi gerir grein fyrir útskatti í heimaríki sínu á virðisaukaskattsskýrslu, útskatturinn verður samhliða að innskatti kaupanda.

# Viðskipti með þjónustu milli skráðra aðila í ESB - Meginreglur

- Sala á þjónustu til skráðra aðila ber í mörgum tilvikum virðisaukaskatt samkvæmt reglum í heimaríki seljanda.
- Undantekningar t.d. sala á þjónustu ýmissa sérfræðinga, starfsmannaleigur, leiga lausafjármuna, sala fjarskiptaþjónustu, sala tiltekinnar rafrænnar þjónustu. Skattleggja skal þessa þjónustu í heimaríki kaupanda.
- Hugsanleg skráningarskylda seljanda.

# ESB aðild – Virðisaukaskattur - Kostir og gallar

## Gallar

- Flókið regluverk, tilskipun á tilskipun ofan
  - ESB: 414 greinar, 15 kaflar og 12 fylgiskjöl
  - Ísl: 49 greinar og 14 kaflar
- Fleira þarf að skoða við sölu til ESB ríkja:
  - Hvað er selt, hvert er selt og hverjum?
- Sala á þjónustu getur skapað skráningarskyldu innan ESB sem kostar tíma og peninga.

## Kostir

- Aukin skilvirkni í inn- og útflutningi vöru
- Sparar tíma og getur bætt lausafjárstöðu fyrirtækis (enginn vsk við innflutning skráðra aðila frá ESB).
- Kemur í veg fyrir tvísköttun, t.d. við sölu rafrænnar þjónustu.

**Deloitte.**